

Fundargerð 30. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 16. nóvember í 2016 kl. 10.30

Dagskrá:

1. Greinargerð stýrihópsins 2015 og 2016
2. Svæðisbundnar nefndir
3. Skipulag á fundum með landshlutasamtökum 29. og 30. nóvember nk.
4. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023
5. Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (DMP)
6. Önnur mál
 - a. Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Björn Helgi Barkarson (UAR, kom kl. 11.15), Helga Haraldsdóttir (ANR, fór kl. 11.30), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR, kom kl. 11.00), Sigrún Blöndal (landshlutasamtökunum) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Steinunn Halldórsdóttir (FOR).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Greinargerð stýrihópsins 2015 og 2016

Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna árið 2015 hefur verið afhent ráðherra. Fundarmönnum voru afhent innbundin eintök greinargerðarinnar.

Greinargerð stýrihópsins fyrir árið 2016 var rædd. Skilafrestur landshlutasamtaka sveitarfélaga á árlegu greinargerðunum er til 1. febrúar ár hvert. Landshlutasamtökin hafa fengið endurbætt og uppfært skapalón til umsagnar. Stefnt er að því að greinargerð stýrihópsins, sem byggir á greinargerðum landshlutasamtakanna, verði til búin eigi síðar en 1. apríl 2017.

2. Svæðisbundnar nefndir

Frá árinu 2014 hafa þrjár svæðisbundnar nefndir verið skipaðar af forsætisráðherra sem höfðu það hlutverk að koma fram með tillögur sem miða að því að efla byggðaþróun og fjölga atvinnutækifærum á svæðunum. Nefnd fyrir Norðurland vestra lauk störfum í október 2014, nefnd fyrir Vestfirði skilaði sinni vinnu í september 2016 og nefnd fyrir svæðið frá Markarfljóti að Öræfum skilaði af sér í nóvember 2016. Greinargerðir allra nefndanna hafa verið teknar fyrir og samþykktar af ríkisstjórn. Greinargerðirnar fela í sér tillögur um fjölda aðgerða á svæðunum þremur og er stýrihópnum þar ætlað stórt hlutverk, en í greinargerðum tveggja síðarnefndu nefndanna kemur fram að framkvæmd einstakra aðgerða er á ábyrgð hlutaðeigandi ráðuneyta og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Sérstakar fjárveitingar voru veittar í aðgerðir Norðvesturnefndarinnar, um ræðir 14 aðgerðir, flestar til eins árs. Formaður stýrihópsins og fulltrúi FJR funduðu með ritara fjárlaganefndar í upphafi árs 2016 til að fá skýrari sýn á fjármögnun til verkefna. Varðandi Vestarfjarðarnefndina hefur ANR óskað eftir við

ráðuneytisstjóra FOR að fá upplýsingar um hvernig að framkvæmd og fjármögnun verkefna í skýrslunni verði staðið. Ráðuneytisstjóri FOR hefur svarað því til að samþykkt hafi verið á ríkisstjórnarfundi að senda hlutaðeigandi ráðuneytum tillögur aðgerðaáætlunar til umsagnar. Svör áttu að berast fyrir 14. nóvember sl. en ekki hafa verið góðar heimtur á þeim. Formaður óskar því eftir að fulltrúar þeirra ráðuneyta kanni hvernig staðan er á svörum til FOR varðandi þau verkefni er undir þeirra ábyrgð heyra og hvort og þá hvernig þau verði fjármögnuð.

Miklar umræður urðu um skipan og vinnulag svæðisbundinna nefnda. Í kjölfar skipan Norðvestur-nefndarinnar sendu landshlutasamtök sveitarfélaga frá sér sameiginlegt minnisblað. Þar segir meðal annars: „Á fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna (innskot: dags. 12. júní 2014) kom skýrt fram af hálfu allra landshlutasamtakanna að óheppilegt er að skipa slíkar nefndir af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að verkefni þeirra skarast verulega á við sóknaráætlanir landshluta sem landshlutasamtök bera ábyrgð á á grundvelli samninga við ríkisvaldið og verkaskipting liggur ekki fyrir og í öðru lagi vegna þess að verið er að taka skref aftur á bak í þeirri þróun að fela landshlutunum aukið vægi við ákvarðanir um eigin málefni.“

Fulltrúar stýrihópsins taka undir sjónarmið landshlutasamtakanna og telja að slíkt verklag samræmist ekki lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Þá er ekki á vísan að róa með tillögur tíma- og svæðisbundinna nefnda þar sem fjármagn til þeirra er ekki alltaf tryggt og eftirfylgd oft illa skilgreind með verkefnum sem fram koma með þessum hætti.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál telur að landshlutasamtök sveitarfélaga séu almennt vel til þess fallin að forgangsraða áherslum og tryggja framgang verkefna innan sinna landshluta og viðbótarfjármagni til landshluta skuli beint í þann farveg. Stýrihópurinn hvetur til þess að ekki verði skipaðar fleiri svæðisbundnar nefndir nema að höfðu samráði við stýrihópinn og viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga.

3. Skipulag á fundum með landshlutasamtökum 29. og 30. nóvember nk.

Dagana 29. og 30. nóvember verða árlegir fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Fundirnir fara fram í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og áætlaðað eru 90 mínútur á hvern fund. Rætt var um dagskrá og umræðuefni fundanna og ákveðið að leggja til við landshlutasamtökin að þeir snúist í stórum dráttum annars vegar um hvernig gengur að framfylgja sóknaráætlun viðkomandi landshluta og hins vegar um hvernig sóknaráætlanir ættu að þróast í nánustu framtíð, til dæmis hvort fella eigi fleiri viðfangsefni þar undir, og þá hvaða viðfangsefni. Verkefnisstjóra falið að senda póst til framkvæmdastjóra landshlutasamtaka og reifa umræðuefni fundanna.

4. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023

Farið var yfir vinnuna við mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023. Á síðasta fundi stýrihópsins kynntu starfsmenn Bygðastofnunar drög að aðgerðartillögum sem orðið hafa til í kjölfar fjölda samráðsfunda, meðal annars með þingmönnum, ráðuneytum og landshlutasamtökum sveitarfélaga. Tillögurnar eru nú unnar áfram í samráði við ráðneytin og fleiri.

Rætt var almennt um stefnumótun út frá nýjum lögum um opinber fjármál s og gildi samráðs við mótun nýrrar byggðaáætlunar.

5. Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (DMP)

Anna Katrín Einarsdóttir frá Stjórnstöð ferðamála, Hrafnhildur Ýr Víglundsóttir frá Ferðamálastofu og Jón Óskar Pétursson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mættu á fundinn og kynntu stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (DMP eða Destination Management Plans). Í Vegvísi í ferðaþjónustu (okt. 2015) kemur fram að eitt af forgangsmálum í verkefnaáætlun 2016-2017 að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta.

6. Önnur mál

a. Næsti fundur.

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn mánudagur 12. desember kl. 14.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.05